

GJALDSKRÁ

fyrir Skagafjarðarveitur, vatnsveita.

1. gr.

Vatnsgjald.

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

3. gr.

Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamati.

Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,16% af álagningarstofni. Lágmarksgjald skal vera kr. 43,84 pr. rúmmetra og hámarksgjald kr. 52,36 pr. rúmmetra.

4. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn Skagafjarðar ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

5. gr.

Notkunargjald.

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Notkunargjald skal innheimta samkvæmt rúmmetramæli sem Skagafjarðarveitur leggja til og eru gjalddagar annan hvern mánuð. Notkunargjald skal vera 31,18 kr. pr. rúmmetra.

6. gr.

Mælaleiga.

Mælaleiga skal vera eftirfarandi:

Vatnsmælar DN 40 og minni	31,81 kr. á dag
Vatnsmælar DN 50 til DN 80	63,73 kr. á dag
Vatnsmælar DN 100 til DN 150	127,45 kr. á dag

7. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við, að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Skagafjarðarveitna við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af Skagafjarðarveitum.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm
Heimæðargjald kr.:	151.476	185.665	237.085	295.823	369.758

Heimæðargjald fyrir inntök > 75 mm eru reiknuð út hjá Skagafjarðarveitum.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimæðina samkvæmt kostnaði, en gera skal

honum aðvart um það fyrirfram. Þetta á einnig við ef nauðsynlegt reynist að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu.

8. gr.

Verðlagning.

Veitunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tekur ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 3. gr. í lok hvers árs, fyrir gerð fjárhagsáætlunar næsta ár á eftir. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við bygg-
ingarvísitölu 1. nóvember 2004, 303,9 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 12. desember 2018, samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað, jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1215/2017.

Sauðárkróki, 13. desember 2018.

Sigfús I. Sigfússon sveitarstjóri.